

Hverfisráð Hlíða

Ár 2015, fimmtudaginn 19. febrúar var haldinn 116. fundur Hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða að Laugavegi 77 og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Margrét Norðdahl, formaður, sem stýrði fundi, Hilmar Sigurðsson og Kristján Freyr Halldórsson. Hrefna Guðmundsdóttir boðaði forföll og sat Gísli Rafn Guðmundsson fundinn í hennar stað. Jóhanna Halldórsdóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Þá sátu fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram svör við 11 fyrirspurnum sem sendar voru til USK, SFS, Menningar- og ferðamálasviðs og lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu eftir seinasta fund. Samþykkt er að fela framkvæmdastjóra að óska eftir að sviðstjóri USK og formaður umhverfis- og skipulagsráðs komi á næsta fund Hverfisráðs Hlíða til að fara yfir svör USK. Óskað er eftir kynningu á niðurstöðum starfshóps um samfelldan dag barns, um miðjan mars.

Hverfisráðir lýsir yfir verulegum áhyggjum af aðstöðuleysi í Háteigsskóla og óskar eftir að vera upplýst um viðbrögð skólayfirvalda. Hverfisráðið hvetur til að Háteigsskóli verði settur fremst í forgangs röð þegar kemur að uppbyggingu grunnskóla. (Skólinn er ekki á 5 ára áætlun)

2. Tillaga frá Hrefnu Guðmundsdóttur:

Hverfisráð Hlíða óskar eftir því við Menningarsvið borgarinnar að skoða tækifæri til þess að kaffihús á Kjarvalsstöðum verði opið lengur en nú er, í samræmi við menningastefnu Reykjavíkurborgar um eflingu menningar og félagsauðs í hverfinu. Við leggjum til að opið sé alla virka daga til kl. 20. Jafnvel eitt kvöld í viku til kl. 22 með menningaviðburðum.

Greinargerð:

Kaffihúsið er opið í dag í samræmi við opnun Listasafnsins og lokar því kl. 17. Það væri frábært fyrir okkur í hverfinu að hafa tækifæri til að fara á kaffihúsið eftir vinnu, t.d. fara með börnin eftir sleðaferð og fá sér heitt kakó, fyrir foreldraráð og foreldrafélög að geta fundað á kaffihúsinu eftir vinnu o.s.frv. Það myndi með öðrum orðum styðja við félagsauðinn í hverfinu að hafa aðgengi bæði að kaffihúsinu og klósettum á stóra útivistarsvæðinu okkar allt árið um kring. Það myndi nýtast gestum garðsins, að hafa opið lengur. Rétt er að benda á að Kjarvalsstaðir eru eina menningahúsið sem rekið er í Hlíðum.

3. Erindi frá Frístundamiðstöðinni Kampi um kynningu á starfseminni fyrir hverfisráðinu. Hverfisráðið þakkar gott boð og óskar eftir að fá að halda næsta Hverfisráðsfund í Kampi að Þverholti 14.
4. Menningarstefna Reykjavíkurborgar: Kynning formanns á stefnunni og aðgerðaráætlun. Ráðið lýsir yfir mikilli ánægju með stefnuna og hlakkar til menningarsamstarfs í hverfinu.
5. Framkvæmdastjóri segir frá skipulagsbreytingum á Velferðarsviði. Hverfisráð þakkar Sigtryggi Jónssyni fyrir gott samstarf og vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Fundi slitið kl. 19:00

Margrét Norðdahl

Hilmar Sigurðsson
Gísli Rafn Guðmundsson

Kristján Freyr Halldórsson